

Fundargerð 878. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 31. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Adda María Jóhannsdóttir, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Adda María Jóhannsdóttir mætti í hans stað.

Fyrir fundinn komu fulltrúar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og héldu kynningu á stofnuninni.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 877. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 877. fundar stjórnar sambandsins frá 13. desember 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

Bjarni Jónsson gerði athugasemdir við að hann datt út af símafundi á seinasta fundi í lið 15 og komst ekki aftur inn.

2. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019 - 1911102SA

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

3. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2019 - 1912008SA

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2019. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

4. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020 - 1912010SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2020, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020.

5. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2020 - 1912009SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020.

6. Uppbygging ofanflóðavarna - 1905022SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 29. janúar 2020, um fjármögnun og ráðstöfunarfé Ofanflóðasjóðs. Einnig lögð fram áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna uppbyggingar ofanflóðavarna á landinu, dags. 3. maí 2019.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga átelur að ekki hafi verið staðið við loforðin sem þjóðinni voru gefin um uppbyggingu ofanflóðavarna fyrir aldarfjórðungi, eftir að snjóflóðin féllu í Súðavík og Flateyri. Enn standa ólokin brýn verkefni á hættusvæðum þar sem mannslíf eru í húfi. Að óbreyttu verður þessum framkvæmdum ekki lokið fyrr en líður á síðari hluta þessarar aldar. Við það verður alls ekki unað enda býður sá hægagangur sem verið hefur í uppbyggingunni heim hættu á mannskæðum slysum í þéttbýli. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skorar á ríkisstjórn Íslands að ljúka uppbyggingu ofanflóðavarna sem fyrst og setja sér metnaðarfull markmið í þeim efnum. Jafnframt óskar sambandið eftir að eiga beina aðkomu að vinnu starfshóps sem fara á yfir framkvæmdaáætlun ofanflóðasjóðs og leggja til áherslur við mótun fjármálaáætlunar 2021-2025.

Stjórn samþykkir einnig að tilnefna Jón Björn Hákonarson sem varamann í stjórn ofanflóðasjóð í stað Vigdísar Häsler Sveinsdóttur sem látið hefur af störfum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

7. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs - 1601016SA

Lagt fram fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 1. tbl. 2020, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2020-2023.

8. Viðbragðsáætlun sóttvarna - kórónasmit - 2001077SA

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir og Gunnar Einarsson gerðu grein fyrir því sem sveitarfélög eru að búa sig undir vegna óvissustigs vegna kórónaveirunnar á suðvesturhorninu. Almannaþingur höfuðborgarsvæðisins hafa hitt sóttvarnarlækni og er Neyðarstjórn borgarinnar búin að funda í allan morgun og gera sig klára fyrir það þegar veiran kemur til Íslands. Skv. upplýsingum frá Pórdísi verður boðað til svipaðra funda út um allt land.

9. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 123. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 11. desember 2019.

10. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 38. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 14. janúar 2020.

11. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram fundargerð 52. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 17. janúar 2020.

12. Fundir Jónsmessunefndar - 1901041SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 19. desember 2019.

13. Tillaga um endurtilnefningu í fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 24. janúar 2020, um tillögu um endurtilnefningu í fræðslumálanefnd sambandsins.

Samþykkt að tilnefna Herdísí Á. Sæmundardóttur, sviðsstjóra fjölskyldusviðs Skagafjarðar, í stað Margrétar Halldórsdóttir, fræðslustjóra Ísafjarðarbæjar, sem hefur beðist lausnar frá setu í nefndinni þar sem hún hefur hætt störfum hjá Ísafjarðarbæ.

Sigurður Ármann Snævarr fór af fundi kl. 14:00.

14. Kjarasamningar 2019 - 1911093SA

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, dags. 16. janúar 2020, og Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar, dags. 10. janúar 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða samningana og fagnar því að samningar hafi náðst sem byggja á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðfélaginu.

15. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 27. janúar 2020, um stöðu kjaramála í janúar 2020

16. Tekjustofnafrumvarp samþykkt á Alþingi - 1909030SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 21. janúar 2020, um tekjustofnafrumvarp sem samþykkt var á Alþingi þann 17. desember 2019.

Jafnframt er lagt fram bréf Grímsnes- og Grafningsshrepps, dags. 18. desember 2019, um umfjöllun Sambands íslenskra sveitarfélaga um dóm Hæstaréttar frá 14.

maí 2019.

Í þriðja lagi er lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 21. janúar 2020, um bótakröfu Reykjavíkurborgar með tillit til lagabreytinga 2019, ásamt bréfi og fylgiskjölum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. desember 2019, um málið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfi Grímsnes- og Grafningsshrepps m.v. umræður á fundinum.

Stjórn samþykkir einnig eftirfarandi bókun:

Í ljósi þess að þingsályktun um Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023 var samþykkt á Alþingi leggur stjórnin áherslu á að niðurstaða náist sem fyrst um fjármögnun sameiningarframlaga. Einnig leggur stjórnin þunga áherslu á að óvissu verði eytt sem fyrst um ábyrgð ríkisins á bótageiðslum vegna dómsmála sem varða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir fór af fundi kl. 14:50.

17. Starfshópur um endurskoðun á samþykktum sambandsins - 2001055SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 24. janúar 2020, um stöðu vinnu við endurskoðun samþykktu og svör við fyrirspurn Miðflokksins, ásamt vinnuskjali. Einnig lagt fram bréf Miðflokksins, dags. 23. janúar 2020, um málið, ásamt fylgiskjali. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins, fór yfir þær breytingar sem starfshópurinn leggur til.

Stjórn samþykkir að vísa breytingum á samþykktum sambandsins til afgreiðslu á landsþingi sambandsins 26. mars 2020.

Rakel Óskarsdóttir fór af fundi kl. 15:00.

18. Þjónustusamningar vegna hjúkrunarheimila 2020-2021 - 1912029SA

Lögð fram yfirlýsing samninganefndar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SVF) og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. janúar 2020, vegna gerðar þjónustusamninga milli Sjúkratrygginga Íslands og ríflega fjörutlu hjúkrunarheimila landsins, ásamt samkomulagi, dags. 19. desember 2019, og drögum að samningsformi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis.

Stjórn sambandsins lýsir verulegum áhyggjum yfir stöðu viðræðna um samninga vegna hjúkrunarheimila og hvernig samskipti aðila hafa þróast á undanförunum mánuðum. Óviðunandi er að ríkið neyti aflsmunar í þessum samskiptum og þvingi ítrekað fram niðurskurð á greiðslum til verkefna sem eru á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum. Þannig er þrýst á sveitarfélögin að niðurgreiða þá þjónustu sem þau veita í umboði ríkisins.

Það er eðlileg krafa að rekstraraðilum hjúkrunarheimila verði tryggt fjármagn í takti við þjónustuþyngd og þarfir íbúa. Einnig þarf að taka tillit til staðbundinna aðstæðna sem einkum reynir á hjá hjúkrunarheimilum sem rekin eru með tengingu við sveitarfélög.

Í nýgerðu samkomulagi milli Sjúkratrygginga Íslands annars vegar og Samtaka

fyrirtækja í velferðarþjónustu og sambandsins hins vegar, er kveðið á um að aðilar láti í sameiningu kanna rekstrarskilyrði hjúkrunarheimila. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að sú vinna skapi nýjan grundvöll fyrir viðræður aðila, þar sem horft verði til þeirra faglegu krafna sem gerðar eru til þjónustunnar, og jafni þann aðstöðumun sem verið hefur í viðræðunum. Til þess að árangur náist í þeirri vinnu er nauðsynlegt að fá hlutlausan þriðja aðila til að annast greiningarvinnu og þá vinnu þarf að fjármagna. Vert er að undirstrika að heildarkostnaður við þjónustu hjúkrunarheimila er metinn á rúma 32 milljarða króna. Þegar slíkir hagsmunir eru í húfi er mikilvægt að vandað sé til verka með það að markmiði að full sátt náist að vinnu lokinni.

Stjórnin minnir að lokum á að fjárveitingarvaldið liggur hjá Alþingi sem lýst hefur ríkum skilningi á að leiðrétta þurfi rekstrargrundvöll þeirrar mikilvægu þjónustu sem veitt er á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

19. Landsþing 2020 - 1910004SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 28. janúar 2020, um XXXV. landsþing sambandsins.

Samþykkt að starfsmenn haldi áfram að undirbúningi landsþingsins á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

20. Fyrir þig! efling tækni og starfsnáms - 1512029SA

Lagt fram til kynningar minnisblað skólamálafulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 27. janúar 2020, um eflingu tækni- og starfsnáms - Fyrir þig!, ásamt drögum að yfirlýsingu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt að sambandið taki þátt í samstarfinu.

21. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - 2001007SA

Lagt fram skipunarbréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 27. desember 2019, um skipun í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, ásamt skipuriti. Einnig lögð fram stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 í húsnæðismálum.

22. Viðauki við samkomulag um verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðning við leigjendur - 1605177SA

Lagður fram viðauki, dags. 21. janúar 2020, við samkomulag, dags. 31. maí 2016, um verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsnæðisstuðnings við leigjendur. Einnig lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. janúar 2020, um málið.

23. Viljayfirlýsing um verkefni varasjóðs húsnæðismála - 1512035SA

Lögð fram viljayfirlýsing, dags. 21. janúar 2020, milli félagsmálaráðuneytisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun á samkomulagi, dags. 31. maí 2016, um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði húsnæðismála. Einnig lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. janúar 2020, um málið.

24. Þjónustukönnun sambandsins - 2001061SA

Lögð fram drög að spurningum í þjónustukönnun Sambands Íslenskra sveitarfélaga en stefnt er að því að framkvæma könnunina í mars 2020.

25. Vinnustaðagreining hjá sambandinu - 2001063SA

Lagðar fram niðurstöður vinnustaðagreiningar frá 2018 sem verður grunnur að þeim spurningum sem lagðar verða fyrir árið 2020.

26. Grýtubakkahreppur - vegna þingsályktunartillögu um framtíð sveitarfélaga - 1909009SA

Lagt fram til kynningar bréf Grýtubakkahrepps, dags. 16. desember 2019, um málsmeðferð og afgreiðslu landsþings sambandsins á tillögu til þingsályktunar og stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, ásamt meðfylgjandi minnisblaði Lögmannsstofu Norðurlands, dags. 6. desember 2019, um afmörkuð álitafni um afgreiðslu Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

27. Sveitarstjórnarmál - 1810051SA

Rætt um hugmyndir að efni í næsta Sveitarstjórnarmál sem kemur út í mars.

28. Endurtilnefning í starfshóp um endurskoðun reglugerðar um umferðarmerki - 1908006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. desember 2019 þar sem Þórhallur Jónsson, bæjarfulltrúi Akureyrarbæjar, og Guðrífður Friðriksdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun reglugerðar um umferðarmerki. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

29. Tilnefning í námsstyrkjanefnd - 1912006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. desember 2019, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu í námsstyrkjanefnd.

30. Tilnefning í stjórn þróunarsjóðs námsgagna - 1912005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. mars 2019, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður, í stjórn þróunarsjóðs námsgagna 2020-2024, og Þórdís Helga Ólafsdóttir, sérkennslufulltrúi á skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, til vara.

31. Tilnefning í stýrihóp um mælaborð á velferð barna - 2001006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. janúar 2020, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um mælaborð á velferð barna.

32. Tilnefning í stjórn námsgagnasjóðs - 2001005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2020, þar sem Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri á Fljótshéraði, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í stjórn námsgagnasjóðs, Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, til áframhaldandi setu sem varamaður.

33. Tilnefning í undanþágunefnd kennara - 1912030SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Menntamálastofnunar, dags. 8. janúar 2020, þar sem Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í undanþágunefnd kennara, og er Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

34. Tilnefning í kennararáð - 2001037SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 15. janúar 2020, þar sem Karl Frímansson, sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar, er tilnefndur sem aðalmaður í kennararáð, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

35. Tilnefning í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - 2001042SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 24. janúar 2020, þar sem Skúli Þór Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefndur sem aðalmaður í stjórn Nýsköpunarsjóð námsmanna, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

36. Tilnefning í starfshóp til að útfæra greiðsluþátttöku ríkisins í farmiðum íbúa á landsbyggðinni - 2001052SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 27. janúar 2020, þar sem Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, og Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað eru tilnefnd í starfshóp til að útfæra greiðsluþátttöku ríkisins í farmiðum íbúa á landsbyggðinni. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

37. Umsögn um drög að reglugerð um alþjónustu á sviði pósthjónustu - 1912020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 16. desember 2019, um drög að reglugerð um alþjónustu á sviði pósthjónustu, mál nr. 300/2019.

Bjarni Jónsson tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið vegna stjórnarsetu í Íslandspósti.

38. Umsögn um reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum - 1911100SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 20. desember 2019, um drög að reglum um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila.

39. Umsögn um drög að reglugerð um fiskeldissjóð - 2001025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. janúar 2020, um drög að reglugerð um fiskeldissjóð, mál nr. 314/2019.

40. Umsögn um drög að reglugerð um fiskeldi - 2001024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. janúar 2020, um drög að reglugerð um fiskeldi, mál nr. 313/2019.

Bjarni Jónsson tók ekki þátt í afgreiðslu á þessum lið vegna setu hans í samráðsnefnd um sjókvíaeldi.

41. Umsögn um Landsáætlun í skógrækt - drög að lýsingu - 1912027SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2020, um Landsáætlun í skógrækt - drög að lýsingu, mál nr. 310/2019.

42. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð - 1912025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. janúar 2020, um drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð, mál nr. 317/2019.

Bjarni Jónsson tók fram að hann stæði ekki að umsögninni.

43. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða - 1912026SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 15. janúar 2020, um frumvarp um þjóðgarða og Þjóðgarðastofnun, mál nr. 318/2019.

Bjarni Jónsson tók fram að hann stæði ekki að umsögninni.

44. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir - EES-reglur, hringrásarhagkerfi, plastvörur - 2001003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 16. janúar 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, (EE-reglur, hringrásarhagkerfi, plastvörur), mál nr. 324/2019.

45. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs - 1912016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur (EES-innleiðing, mál nr. 329/2019).

46. Landshlutasamtök sveitarfélaga - aðalfundir 2019 - 1902044SA

Lögð fram til kynningar ályktun frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem haldið var 15. nóvember 2019, um framlag til sóknaráætlana landshlutasamtaka 2020-2024.

Gunnar Einarsson gerði athugasemdir við mismunandi skiptingu fjármuna í sóknaráætlanir landshlutasamtakanna.

47. Jafnlaunavottun sambandsins - 1906009SA

Lagt fram til kynningar skírteini Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir ÍST 85:2012.

48. Fundur í Policy nefnd CEMR í Orléans, Frakklandi - 1911084SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 27. janúar 2020, um fund í Policy nefnd CEMR 23.-24. janúar 2020 í Orléans, Frakklandi.

Stjórnin lýsir yfir ánægju með að Aldís sé orðin ein af varaforsetum í framkvæmdaráði Evrópusamtaka sveitarfélagasambanda. Er þetta í fyrsta skipti sem Ísland á fulltrúa í yfirstjórn samtakanna.

49. Skýrsla Brothættar byggðir - 1809036SA

Lögð fram til kynningar skýrslan Brothættar byggðir - Framkvæmd verkefnisins árið 2018, dags. 21. janúar 2020.

Fundi var slitið kl. 15:37

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Adda María Jóhannsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari